



134. fundur Stúdentaráðs

Þriðjudagurinn 7. apríl 2026 kl. 17:00

Salur N102 (Litli hátíðarsalur) - Háskólinn á Akureyri

Fundarritari: Guðrún Lára Einarsdóttir, Viðburðastjóri SHA og ritari framkvæmdastjórnar.

Fundarstjóri: Aðalbjörn Jóhannsson, Forseti SHA og formaður stúdentaráðs

Mættir: Aðalbjörn Jóhannsson (Forseti), Rakel Rún Sigurðardóttir (Samskiptafulltrúi), Katla Ósk Káradóttir (Hagsmunafulltrúi), Heiðrún Hafdal (Rekstrarstjóri), Guðrún Lára Einarsdóttir (Viðburðastjóri) og Jóhannes Már Pétursson (Alþjóðafulltrúi) úr framkvæmdastjórn. Marianna Rín Snæbjörnsdóttir (Þemis - Varafulltrúi), Steinar Óli Sigfússon (Unit), Rebecca Lísbet Sharam (Stafnbúi), Sara Lind Sigurðardóttir (Reki), Pálmi Ragnarsson (Magister), Jónína Freyja Jónsdóttir (Kumpáni), Andrea Björg Hlynisdóttir (Eir), Svana Rún Austmar Aðalbjörnsdóttir (Umhverfisfulltrúi), Mars Baldursson (Jafnréttisfulltrúi), Aldís Mjöll Hlynisdóttir (Gæðafulltrúi)

Fundur settur kl. 17:00

1. Fundargerð 133. fundar stúdentaráðs borin upp til samþykktar

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

2. Skýrsla framkvæmdastjórnar

a. Forseti

Aðalbjörn sat fund með FÉSTA.

Hann er búinn að vera í sambandi við Gauta hjá Visku. Gauti vill hitta framkvæmdastjórn föstudaginn 10. apríl nk.

b. Samskiptafulltrúi

Rakel talaði um hverjir eiga eftir að skrifa undir trúnaðaryfirlýsingar

Hún er búin að tala við gæðastjóra varðandi aðgang stúdenta að námsnefndum deilda. Farið verður í að skoða málið nánar.

c. Rekstrarstjóri

Engar nýjar fréttir – Heiðrún fer yfir skjal á eftir

d. Hagsmunafulltrúi

Ískápur - Það þarf að þrifa ískápin og það er á ábyrgð formanna/forseta aðildarfélaganna. Það þarf að henda öllu sem er ómerkt eða með dagsetningu eldri en tveggja vikna. Einnig þarf að þrifa innan úr örbylgjuofni og vaskinn. Framkvæmdastjórn mun græja þrifadót og verður það undir vaskinum inni í eldhúsinu. Það er komið kvittunarblað á ísskápinn. Það er sniðugt ef allir senda inn mynd eftir þrif þannig að hægt sé að bera saman á milli vikna.

Aðgengi að gömlum prófum - Við ættum að fá aðgang að öllum gömlum prófum (vonandi) fljótlega, vonandi fyrir prófatíðina. Rakel er búin að búa til svæði fyrir öll prófin sem hún kemur inn á hér á eftir.

Skjal inni á fulltrúa teams – Búið er að búa til skjal inni á Fulltrúar stúdenta SHA TEAMS þar sem allar dagsetningar deildarfunda eru skráðar. Þeir sem sitja deildarfundi mega endilega skrá þar fundina sína.

Landsþing - Katla mun á næstu dögum byrja að skrifa ályktanir. Ef stúdentaráð er með hugmyndir þá má endilega láta hana vita.

Prófverðir - Katla sendi erindi á prófstjóra sem ætlar að ræða við prófverði um vinnufrið á meðan prófum stendur.

e. Viðburðastjóri

Engar nýjar fréttir - Sér fundarliður varðandi dagsetningar viðburða kemur á eftir.

f. Alþjóðafulltrúi

Er að undirbúa myndband varðandi gjaldtökuheimild nemenda utan EES.

3. Skýrsla fulltrúa SHA í ráðum Háskólans á Akureyri

a. Gæðafulltrúi

Engar nýjar fréttir

b. Umhverfisfulltrúi

Engar nýjar fréttir

c. Jafnréttisfulltrúi

Jafnréttisfulltrúi upplýsir að ráðið hafi sent erindi til FÉSTA varðandi verklag í kringum umsóknir og búsetu einstaklinga með kynhlutlausa skráningu í þjóðskrá.

Forseti sat fund FÉSTA og sagði frá því að málið hefði verið tekið fyrir og framkvæmdastjóri FÉSTA hefði tekið það að sér að útbúa slíkt verklag í samstarfi við jafnréttisráð og ERGI.

4. Skýrsla aðildarfélaga

a. Eir

Engar nýjar fréttir.

b. Kumpáni

Fengu fund með Hrein Orra til að hjálpa við að semja lag sem verður frumflutt á ársátíðinni.

Ætla að halda Lokaprófa-studykvöld 27. apríl

c. Magister

Engar nýjar fréttir

d. Reki

Engar nýjar fréttir

e. Stafnbúi

Engar nýjar fréttir

f. Unit

Engar nýjar fréttir

g. Þemis

Engar nýjar fréttir

5. Verklagsreglur

Farið yfir hvar verklagsreglurnar er að finna.

Fulltrúar í stúdentaráði þurfa að vera búnir að kynna sér verklagsreglur og/eða koma með breytingartillögur/hugmyndir fyrir næsta stúdentaráðsfund, sem haldinn verður 5. maí.

6. Starfsáætlun

a. Dagsetningar

Farið var yfir helstu dagsetningarnar, stóru viðburðina sem og minni.

Það var rætt um að endurnýja ekki samning við Vamos heldur að gera samning við Leyni vegna aðgengismála. Verið er að skrifa upp draft fyrir samninginn við Leyni. Samningurinn verður borinn undir stúdentaráð í rafrænni atkvæðagreiðslu þegar hann er tilbúinn.

Minni viðburðir:

Beer Pong Mót verður haldið 8. maí. Hugmyndin er að halda það í hátíðarsalnum. Þessi viðburður verður haldinn í staðinn fyrir lokaprófsdjammm.

Verið er að biða eftir svari frá starfsmannafélagi HA varðandi Fjölskyldudag HA sem við viljum halda í júní. Það var haldið síðast í júní 2024 og gekk mjög vel.

Kjarna-party verður haldið 22. ágúst, laugardaginn fyrir nýnemadaga.

Back To School party verður fimmtudagskvöldið 27. ágúst.

Ekki er búið að ákveða dagsetningu fyrir próflokadjamm SHA í desember. Viðburðanefnd hafði áhuga á því að halda aftur Beer Pong mót í staðinn fyrir próflokadjamm ef Beer Pongið gengur vel í maí.

Haldið verður Bingó, bæði fjölskyldu og Party Bingó í janúar.

Það verða haldin spilakvöld yfir skólaárið, en ekki er búið að ákveða dagsetningar.

b. Nýnemadagar

Verða haldnir vikuna 24. - 28. ágúst 2026.

Nýnemadagur Hug- og félagsvísindasvið er 25. ágúst, nýnemadagur HVR er 27. ágúst.

Allir í stúdentaráði (og helst fulltrúar innan allra stjórna) þurfa að gera ráð fyrir að mæta í skólann þessa vikuna til að hjálpa til og vera sýnileg.

c. Sprellmót

Verður 18. september

Impað á því að formenn/forsetar aðildarfélaga láti Viðburðastjóra vita um leið og ákveðið er hvaða búning félagið þeirra ætlar að vera í á Sprellmóti (til að hafa betra utnumhald).

Búið er að senda inn stofubókanir (ekki búið að fá staðfest) fyrir Sprellmót.

d. Stóra-Vísó

Verður haldið 28.- 31. janúar 2027

e. Árshátíð

Verður haldin 20. febrúar 2027

Búið er að senda inn stofubókanir (ekki búið að fá staðfest) fyrir árshátíðina.

7. Fjárhagsáætlun

Áminning - Fulltrúar í stúdentaráði þurfa að útbúa starfsáætlun fyrir næsta fund sem verður 5. maí. Þeir mega gera ráð fyrir svipuðu framlagi og í fyrra, sem er svo hægt að aðlaga ef þess þarf.

8. Fjármögnun

a. Fyrirtæki & stofnanir

Fjárafilanir og styrkir – allir að hafa augun opin fyrir styrkjum (hvort sem það væri fyrir aðildarfélög eða SHA). Hafa á bakvið eyrað. Koma því til framkvæmdastjórnar ef þið sjáið eitthvað sniðugt.

b. Skrásetningargjöld

Við fáum 6% af skrásetningargjöldum eins og er, við viljum halda í það (alla vega ekki fara niður fyrir það).

9. Landsþing LÍS

a. Fulltrúar

Fulltrúar SHA á Landsþingi LÍS 2026 verða Katla Ósk Káradóttir, Rakel Rún Sigurðardóttir, Aðalbjörn Jóhannsson, Heiðrún Hafdal, Jóhannes Már Pétursson, Aldís Mjöll Hlynisdóttir, Hulda Karen Höskuldsdóttir, Sara Lind Sigurðardóttir, Sigurbjörg Brynja Ingvarsdóttir og Friðrik Gauti Stefánsson.

Föstudagskvöldið 10. apríl ætlar SHA að bjóða þeim sem eru á landsþingi LÍS í kvöldvöku í hátíðarsal skólans.

b. Ályktanir SHA

Við höfum fram á laugardag til að senda inn ályktanir.

Allir að búast við á fimmtudag að fá sent skjal til samþykktar með ályktunum.

Allir sem eru til að mæta klukkan 8:30 á föstudaginn nk. til að taka á móti öllum - endilega.

Hægt að bjóða sig fram í framkvæmdastjórn LÍS til laugardagsmorguns.

10. Rectorsfundur

Það sem framkvæmdastjórn ætlar að ræða við rektor á fundi okkar með henni.

a. Skrásetningargjald

Við ætlum að fara fram á að SHA haldi a.m.k. 6% (sem er núna) þrátt fyrir að skrásetningargjöld séu að hækka.

b. FÉSTA

Við ætlum að fara fram á FÉSTA fái ekki svona háa prósentu af skrásetningargjaldi.

c. Alþjóðanemar

d. Áherslumál

e. Mál frá stúdentaráði

11. Pallborð vegna kosninga

Tillaga að hafa pallborðið 21. apríl kl 11:30-13:00 - samþykkt samhljóða af stúdentaráði. - á eftir að athuga hvort það verði hægt.

12. Staðnemahópur á Facebook

Áminning - allir í stúdentaráði eru orðnir Admin og geta því póstað.

Allir að fylgjast með hvort Facebook bæti fólki sem eigi ekki að vera þarna í hópinn (og henda þeim þá út).

13. Dagsetning á myndatöku

Aðalbjörn sendir inn poll með dagsetningu seinna.

14. Önnur mál

a. Heimasíða SHA – Forseti

Stefna (sem sér um heimasíðuna) er að hætta að þjónusta Moya kerfið 2028.

Aðalbjörn fór á fund með Stefnu og þau gáfu okkur tilboð á nýju kerfi. Það myndi kosta 200.000-300.000. Við munum fá kynningu og þetta lagt fyrir okkur seinna.

Núna erum við að greiða 7.000 kr á mánuði í þjónustugjald (bara hýsingin).

Verður þá ca 10.000-11.000 kr á mán (með þjónustu) í nýja kerfinu.

Stúdentaráð samþykkir að fara í að skoða þetta strax - að vera komin með tilboð í júní væri æði.

b. Samningar SHA við SFHR

Við þurfum að ákveða hvernig við ætlum að láta Unit vera hluti af SHA. Það þarf að skoða þessi mál betur.

c. Skjalasvæði - Rakel

Öll eldri próf munu koma þarna inn. Linknum af svæðinu verður deilt með öllum nemendum.

Það munu einungis nemendur hafa aðgang.

Hægt að leita af námskeiðsheitinu sínu til að finna öll prófin (eða þá skrolla í gegnum öll námskeiðin).

d. Greinagerð - Rakel

Trúnaðarmál!

e. Rekstraryfirlit - Heiðrún

Nýtt rekstraryfirlit kynnt – allir í stúdentaráði fá aðgang að þessu skjali.

Gert til að stúdentaráð sjái hvað framkvæmdastjórn er í rauninni að eyða peningum í.

f. Eigandaskipti

Upp kom að það kostaði aðildarfélög allt í einu 30.000kr (en hefur áður verið 2.200 kr).

Staðan var einfaldlega sú að aðildarfélögin sem lentu í þessu fengu rangar upplýsingar. Þetta er ennþá bara 2.200 kr.

g. Aðgangur að Teams svæði aðildarfélaga

Upp kom spurning hvort t.d. fjármálastjórar aðildarfélaga geti fengið aðgang að möppum aðildarfélaganna innan teams svæðis stúdentafélagsins. Framkvæmdastjórn mun skoða þetta.

h. Persónufornöfn

Öll eru beðin um að setja persónufornöfnin sín inni á Canvas, Uglu og TEAMS.

Fundi slitið: 19:00